

3. Eimur – Nýsköpun í sjálfbærni.

Sesselja Ingibjörg Barðdal Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Eims, kynnti stefnu og markmið Eims ásamt Ottó Elíassyni, þróunarstjóra Eims.

Sesselja sagði ýmsar áskoranir framundan í heiminum öllum. Hún sagði Eim sjá fyrir sér breytingar í framtíðinni s.s. orkuskipti í samgöngum, greinar sem byggðu á mikilli kolefnislosun yrðu á undanhaldi, endurnýjanleg orka yrði eftirsóknarverðari og aukin áherslu á viðnámsþrótt samfélaga með fjölbreyttum atvinnutækifærum. Eimur sjái mikil tækifæri í matvælaíðnaði þar sem neyslumynstur fólks væri að breytast.

Sesselja sagði framtíðarsýn Eims vera að stuðla að aukinni sjálfbærni sveitarfélaga á Norðurlandi eystra með bættri nýtingu endurnýtanlegra auðlinda og hlutverk Eims vera að draga fram ný tækifæri á sviði sjálfbærni sem styddu við framtíðarsýn íbúa svæðisins ásamt því að styðja við að þessi tækifæri raungerðust.

Sesselja sagði áherslur Eims m.a. vera að greina ný tækifæri með aukna áherslu á sjálfbærni, að styðja við frumkvöðla, græna uppbyggingu í samstarfi við SSNE og sveitarfélög í sjálfbærri þróun. Hún sagði nauðsynlegt að byggja upp öflugt þekkingarsamfélag sem styddi við markmið verkefnisins. Einnig að mikilvægt væri að leiða saman atvinnulífið og grasrótina, og að þverfagleg nálgun við verkefni væri líklegri til að skila árangri.

Sesselja nefndi Samfélagsgróðurhús á Húsavík sem skemmtilegt tilraunaverkefni í stóru samhengi og dæmi um samvinnu þar sem margir koma að og verkefnið. Hún sagði hugmyndina hafa kviknað í grasrótinni í sumarskóla Eims en komið svo aftur inn á borð Eims sem fjölbjóðlegt samstarfsverkefni með Evrópustyrk og snerti ýmsar stofnanir samfélagsins.

Að lokum sagði Sesselja mikil tækifæri á svæðinu, ekki síst í matvælaframleiðslu vegna vannýttra auðlinda í formi orku og vatns.